Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2042
komudagur 3.5.2006

BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. maí 2006
Tilvísun: 2006040031

Vísað er til bréfs dags. 25. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, 695. mál.

Barnaverndarstofa átti nokkuð samstarf við félagsmálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti um þá útfærslu á eftirliti með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum sem er að finna í þessu frumvarpi. Barnaverndarstofa fagnar frumvarpinu og er fylgjandi þeim leiðum sem þarna er lýst.

Barnaverndarstofa hefur einungis þá athugasemd að önnur uppröðun málsgreina og örlitlar orðalagsbreytingar í 5. gr. frumvarpsins myndu varpa skýrara ljósi á hlutverk stofunnar og samspil við hlutverk lögreglu. Barnaverndarstofa leyfir sér að leggja til að 5. gr. orðist eftirfarandi:

"Barnaverndarstofa hefur eftirlit með því að ákvæðum laga þessara sé framfylgt. Í því skyni er Barnaverndarstofu heimilt að láta fara fram úttekt á verklagsreglum skv. 1. mgr. 3. gr. og framkvæmd þeirra. Slík úttekt skal vera á kostnað þess ábyrgðaraðila sem í hlut á hverju sinni.

Nú fær Barnaverndarstofa vitneskju eða rökstudda ábendingu um að niðurstaða mats á sýningarhæfni kvikmyndar eða tölvuleiks sé í andstöðu við 1. mgr. 2. gr., óásættanleg með hliðsjón af barnaverndarsjónarmiðum skv. 1. mgr. 3. gr. eða mat skv. 2. mgr. 2. gr. hafi ekki farið fram og er henni þá heimilt að mæla fyrir um stöðvun sýningar og dreifingar kvikmyndarinnar eða tölvuleiksins tímabundið í þrjá sólarhringa, með tilkynningu til ábyrgðaraðila. Barnaverndarstofu er heimilt að kveðja til lögreglu til að veita aðstoð við að framfylgja banni við sýningu og dreifingu kvikmyndar eða tölvuleiks.

Á meðan sýningar- og dreifingarbann varir skal fara fram sameiginlegt endurmat ábyrgðaraðila og Barnaverndarstofu á sýningarhæfni kvikmyndar eða tölvuleiks. Ef ágreiningur er um niðurstöðu endurmats ræður afstaða fulltrúa Barnaverndarstofu. Sú ákvörðun telst endanleg og verður ekki kærð til æðra stjórnvalds.

Leiði endurmat til þess að sýningarhæfni kvikmyndar eða tölvuleiks skuli takmarkast við eldri áhorfendur en upphaflegt mat kvað á um gildir sýningar- og dreifingarbann skv. 2. mgr. Barnaverndarstofu er heimilt að veita ábyrgðaraðila allt að vikufrest til að innkalla og endurmerkja öll eintök kvikmyndar eða tölvuleiks og hvers konar umbúðir og kynningarefni til samræmis við niðurstöðu endurmatsins.

Brot gegn 2. gr. laga þessara varða sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

HÖFÐABORG · BORGARTÚNI 21 · 105 REYKJAVÍK
SÍMI 530 2600 · BRÉFSÍMI 530 2601 · NETFANG: bvs@bvs.is · VEFFANG: www.bvs.is

Um rannsókn og meðferð mála vegna meintra brota á 2. gr. fer að hætti laga um meðferð opinberra mála. Þegar lögreglu hefur borist kæra fyrir brot gegn 1. eða 2. mgr. 2. gr. laga þessara skal lögregla þegar í stað tilkynna Barnaverndarstofu um málavexti. Barnaverndarstofa leggur sjálfstætt mat á hvort beita beri stöðvunarheimild 2. mgr.

Heimilt er að gera upptæka kvikmynd eða tölvuleik ef sýning, sala eða dreifing hans fer í bága við ákvæði laga þessara. Hið upptæka skal vera eign ríkissjóðs."

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu

Hrefna Friðriksdóttir

HÖFÐABORG · BORGARTÚNI 21 · 105 REYKJAVÍK
SÍMI 530 2600 · BRÉFSÍMI 530 2601 · NETFANG: bvs@bvs.is · VEFFANG: www.bvs.is

Alþingi
Erindi nr. Þ/132/2041
komudagur 3. 6. 2006

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 2. maí 2006

**Umsögn um frumvarp til laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, 695 mál, heildarlög.**

Heimili og skóli – landssamtök foreldra gera engar athugasemdir við það frumvarp til laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, sem nú liggur fyrir. Taka samtökin heils hugar undir þær megináherslur sem lagðar eru í frumvarpinu og telja að með samþykkt þess á Alþingi munu þessi mál loks komast í eðlilegan farveg.

Fyrir hönd Heimilis og skóla

Elín Thorarensen

Elín Thorarensen, framkvæmdastjóri

Heimili og skóli – landssamtök foreldra
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Sími 562-7475
heimiliogskoli@heimiliogskoli.is

*Alþingi*
*Erindi nr.* **Þ** 132/2092
*komudagur* 8.5. 2006

**Umsögn Kvikmyndaskoðunar um mál nr 695**

Kvikmyndaskoðun hefur borist til umsagnar frá menntamálanefnd Alþingis frumvarp til laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum og er umsögn Kvikmyndaskoðunar send sem fylgiskjal með þessum tölvupósti. Umsögnin verður einnig send póstleiðis.

Kvikmyndaskoðun telur ástæðu til að taka fram að stofnunin hefur ekki að neinu leyti komið að gerð frumvarpsins, látið í té upplýsingar o.s.frv. og fær því málið til kynningar og umsagnar með tveggja daga skilafresti sem þó hefur ekki reynst unnt að standa við og beðist velvirðingar á því. Telur Kvikmyndaskoðun hvoru tveggja óraunhæft né sanngjarnt að gefa svo stuttan frest til að gefa álit sitt enda að hafa í huga að skoðunin er fjölskipað stjórnvald.

Enda þótt veittur frestur sé liðinn sér Kvikmyndaskoðun engu að síður ástæðu til að senda nefndarsviði umsögn sína.

Virðingarfyllst
f.h. Kvikmyndaskoðunar

Guðjón Bjarnason

KVIKMYNDASKOÐUN

**Umsögn Kvikmyndaskoðunar um**
**frumvarp til laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum**
**Þskj. 1025 — 695. mál.**

Kvikmyndaskoðun hefur borist til umsagnar frá menntamálanefnd Alþingis frumvarp til laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum.

Kvikmyndaskoðun telur að fagna beri því að tekin sé til endurskoðunar þau viðfangsefni sem til þessa hafa tilheyrt verksviði Kvikmyndaskoðunar enda þótt því sé ekki að fullu og öllu deilt með hvaða hætti það skuli gert samkvæmt fram komnu frumvarpi. Kvikmyndaskoðun telur þ.á m. jákvætt að með frumvarpinu sé hugað að skoðun og merking gagnvirkra tölvuleikja auk myndefnis. Þá teldist afar jákvætt ef takast mætti að innleiða samhæfða merkingu myndefnis og tölvuleikja og einnig að koma því til leiðar að þeir sem flytja inn og dreifa myndefni hverskonar verði með skýrari hætti ábyrgir fyrir skilmerkilegum merkingum á því efni sem þeir dreifa, selja eða sýna.

Kvikmyndaskoðun fær á hinn bóginn ekki betur séð en náð hefði mátt markmiðum frumvarpsins með því að endurskilgreina ákvæði núgildandi laga á þessu sviði á þann veg að niðurstöður Kvikmyndaskoðunar væri leiðbeinandi álit ætlað börnum og fjölskyldum þeirra til að meta hvort myndefni sé talið við hæfi barna og þá innan hvað aldurs. Slíkt hefði mátt gera á þann hátt að mat á efninu væri á ábyrgð stjórnvalda. Á hinn bóginn verði ekki séð að neitt standi í vegi fyrir því að ákvæði frumvarpsins um önnur atriði, þ.á m. merkingu efnisins, standi svo sem boðað er. Kvikmyndaskoðun telur m.ö.o. að tímabært sé að litið sé á starfsemi ámóta þerri sem Kvikmyndaskoðun nú sinnir á þann hátt að þar sé um leiðbeiningar að ræða en víkja beri til hliðar forsjárhyggjukenndu sjónarhorni þar sem forsjármönnum og börnum sé lagt bann við aðgang að myndefni. Kvikmyndaskoðun telur eðlilegt og tímabært að sá skilningur sé uppi að hinu opinbera beri að meta efni og miðla upplýsingum um það til almennings. Það sé á hinn bóginn eðlilegt og rökrétt hlutverk forsjármanna að annast velferð barna á þessu sviði sem öðru og sjá til þess að þeim sé ekki ofboðið í þessum efnum.

KVIKMYNDASKOÐUN

Kvikmyndaskoðun lætur í ljós þá almennu skoðun að það komi ekki sannfærandi fyrir sjónir að ákvæði stjórnarskrárinnar um bann við ritskoðun séu túlkuð með þeim hætti að það standi í vegi fyrir því að hið opinbera geti falið trúnaðarmönnum sínum að yfirfara efni fyrirfram til að meta innan hvaða aldursmarka barna efnið henti til áhorfs. Enda þótt stofnunin búi vissulega ekki yfir sérfræðilegri lagaþekkingu, er skilningur stjórnvaldsins sá að önnur ákvæði stjórnarskrárinnar hljóti að gera þessa starfsemi á opinberum vegum mögulega enda beri stjórnarskráin í sér ákvæði sem heimili ráðstafanir á opinberum vegum til að vernda hag og heilsu barna ef með þurfi. Þetta fái auk þess frekari stuðning í þeirri staðreynd að samsvarandi starf fari fram í flestum löndum Evrópu án þess að litið sé svo á að í því felist ritskoðun. Sérkennilegt verði að telja að skilja eigi grundvallarlög landsins á þann veg sem gert er í frumvarpinu og greinargerð þess. Kvikmyndaskoðun telur þó einsýnt að núgildandi ákvæði laga um skoðun kvikmynda teljist fela í sér ritskoðun á meðan núgildandi ákvæði um að banna alfarið innflutning og sýningu tiltekins myndefnis (ofbeldismyndir) er við lýði. Kvikmyndaskoðun fær m.ö.o. ekki betur séð en að ef þessu ákvæði sleppi eigi það ekki lengur við að líta svo á.

Kvikmyndaskoðun telur að núverandi framkvæmd laga verði að teljast vönduð hvað varðar skoðun á efni og mat á því enda fjalla tveir skoðunarmanna um niðurstöðu hverrar einstakrar kvikmyndar. Þá er að finna skriflegan rökstuðning fyrir öllum þeim niðurstöðum sem komist er að. Með frumvarpinu sem hér er til umsagnar eru, án þess að ástæða sé til, gerðar breytingar á þeim hluta starfsins sem vel hefur tekist til um og almenningur þekkir og treystir á. Með þeirri breytingu sem frumvarpið geri ráð fyrir sé mat á myndefni m.t.t. áhorfs barna fært á herðar sömu aðila og hafa hagsmuna að gæta við markaðsetningu og dreifingu efnisins. Þá ráðstöfun telur Kvikmyndaskoðun óþarfa eða jafnvel varhugaverða. Með því muni ótilgreindur fjöldi manna sem ekki eru gerðar tilteknar kröfur um í lögum fá það hlutverk að meta myndefni m.t.t. þess hvort það henti börnum til áhorfs og þá innan hvaða aldurs. Þeir sem eiga að annast þessa starfsemi starfi á vegum hinna sömu og eigi augljósra hagmuna að gæta. Í þessu felst meginábending Kvikmyndaskoðunar um frumvarpið. Kvikmyndaskoðun telur þá varnagla sem í frumvarpinu eru um hlutdeild stjórnvalda (Barnaverndarstofu) afar erfiða í framkvæmd.

Kvikmyndaskoðun telur þó mikilvægt að láta þá skoðun í ljós að framkvæmd núgildandi laga hafi verið áfátt í veigamiklum atriðum, einkum hvað það varðar að fylgja úrskurðum Kvikmyndaskoðunar eftir um aðgang barna að kvikmyndahúsum. Þá hefur merkingum á myndbands- eða mynddisksútgáfu verið áfátt og eða aðilar hafa látið undir höfuð leggjast að færa efni til skoðunar. Einnig er bagalegt að ekki hafi litið dagsins ljós samhæfðar merkingar, þ.á m. í kvikmyndahúsum (auglýsingum), sjónvarpsstöðvum og í útgefnu eða seldu efni. Takist það með framlögðu frumvarpi er mikilvægum og jákvæðum breytingum náð fram. Þeim breytingum telur Kvikmyndaskoðun að ná hefði mátt fram án þess að fela einka- og hagsmunaaðilum skoðun og mat á myndefni.

Líkt og komið hefur fram telur Kvikmyndaskoðun sig ekki búa yfir sérstakri lagaþekkingu en er að þeim fyrirvara sögðum þeirrar skoðunar að 5. gr. frumvarpsins sé fremur óskýr. Stöðvunarákvæðum á sýningu og dreifingu myndefnis sé áfátt og sennilegt að afar erfitt yrði um framkvæmd svo sem í þeim tilvikum að efni hafi þá þegar verið dreift eða það selt. Hér telur Kvikmyndaskoðun einnig óljóst um það hvernig gert er ráð fyrir að upphaf þess ferils er sem lýst er í lagagreininni og að erfitt geti reynst fyrir almenning að fóta sig í því umhverfi sem hér um ræðir. Kvikmyndaskoðun telur að betur hefði farið á því að fella refsiákvæði 5. gr. í sérstaka lagagrein og e.t.v. sundurgreina efni greinarinnar enn frekar.

Kvikmyndaskoðun telur að einn veigamesti þáttur í þeirri starfsemi sem lagafrumvarpið boðar sé söfnun og miðlun upplýsinga. Hér er gagnagrunnur aðgengilegur almenningi lykilatriði. Í frumvarpinu er að mati Kvikmyndaskoðunar hvergi nærri nægilega skýrt kveðið á um það hvernig farið verði með þau miklu verðmæti sem er að finna í þeim upplýsingum sem mynda þann gagnagrunn sem Kvikmyndaskoðun færir niðurstöður sínar í og hefur gert um árabil. Ákvæði frumvarpsins um rekstur, viðhald og samhæfingu gagna- eða upplýsingagrunns eru að mati Kvikmyndaskoðunar óskýr. Ekki getur telist fara vel á því hver og einn þeirra sem ábyrgð mun bera í þessum efnum reki eigin upplýsingaveitu. Slíkt yrði afar óaðgengilegt almenningi og fyrirséð að mikilvæg markmið með frumvarpinu myndu ekki ná fram að ganga yrði þetta raunin. Hér hefði verið mikilvægt að taka af öll tvímæli.

Kvikmyndaskoðun telur, sérstaklega með vísan til þeirrar hefðar sem náð hefur að myndast hér á landi, óvarlegt að ekki skuli í frumvarpinu gefið til kynna hvernig aldursmörk skuli miða við í þeim verklagsreglum sem gert er ráð fyrir að verði settar. Kvikmyndaskoðun telur tímabært að innleitt sé 18 ára aldursmark kvikmynda hér á landi. Það sé í rökréttu samhengi við hækkun sjálfræðisaldurs hér á landi, reynslu Kvikmyndaskoðunar á þörf fyrir slíku aldursmarki þ.á m. með tilliti til óheppilegrar þróunar í kvikmyndagerð þar sem ber á stigvaxandi ofbeldislýsingum og sé í rökréttu samhengi við lagareglur margra annarra landa.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að innleidd verði það sem nefnt eru „alþjóðlega viðurkennd“ skoðunarkerfi. Enda þótt því verði ekki slegið föstu hefur Kvikmyndaskoðun ekki aðra vitneskju en að lög, verklagsreglur, aldursmerkingar o.s.frv. séu landa í milli afar mismunandi hvað þetta viðfangsefni varðar og ekki til þess vitað að einhvers konar alþjóðlegur skilningur sé á því hvernig þessu skuli hagað. Eftir því sem næst er vitað hafa menningarleg- trúarleg, uppeldisleg, siðferðileg sjónarmið o.s.frv. talist of ólík til að þetta hafi verið unnt. Ekki er ósennilegt að það sé ástæða þess að ekki hafa fyrir löngu litið dagsins ljós samhæfðar alþjóðlegar verklagsreglur í þessum efnum. Á hinn bóginn telur Kvikmyndaskoðun ekkert nema gott um það að segja að innleiddar séu og nýttar eftir því sem við á aðferðir sem hafa reynst vel annars staðar.

Kvikmyndaskoðun vill að lokum láta þá skoðun í ljós að á fjölmörgum stöðum frumvarpsins er vísað til „barna innan lögræðisaldurs“. Þessa yrðingu telur Kvikmyndaskoðun vekja upp hugmyndir um einhvers konar rökvillu enda séu allir einstaklingar innan lögræðisaldurs börn lögum samkvæmt. Nær væri með vísan til gildandi laga (lögræðislaga) og eða ræða einfaldlega um börn þar sem við á. Að öðrum kosti, ef betur þykir fara á því, ólögráða einstaklinga.

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2027
komudagur 3.5.2006

| |
|---|
| *NICAM CODING FORM version 1.2 (april 2004)*<br><br>*Title of TV programme, video, film:*<br>*Name of coder:*<br><br>*Attention: Most of the questions concern what is visible on screen, some*<br>*concern sounds.* |

**1 TYPE OF PRODUCTION/PROGRAMME**

| | | no | yes |
|---|---|---|---|
| **1.1.** | ***Fiction*** | | |
| **1.1.1.** | **Is the production a slapstick cartoon or slapstick animation?**<br>Examples of slapstick cartoons are: *Popeye, Tom & Jerry* and *Loony Tunes.* | 1 | 2<br>end list |
| **1.1.2.** | **Is the production an other type of cartoon or animation?**<br>Examples of other types of cartoons or animations are: *Spider Man, Kuifje, The Lion King, Chicken Run, Finfinding Nemo, Bob the Builder, Shrek* en *Pokémon.* | 1 | 2<br>to 2.2 |
| **1.1.3.** | **Is it an other type of fiction/drama product?**<br>Examples of other types of fiction production: *Power Rangers, Star Trek, Titanic, Indiana Jones, Pulp Fiction, GTST, Sex and the City, As the World Turns* and *Inspector Morse* | 1 | 2<br>to 2.2. |
| **1.2.** | ***Non-fiction*** | | |
| **1.2.1.** | **Is it reality TV?**<br>Examples are: *Ziekenhuisverhalen, Exclusief, Ingang Oost* and *Patty's Posse.* | 1 | 2<br>to 2.2. |
| **1.2.2.** | **Is it a report or documentary?**<br>Examples are: *Breekijzer, Het uur van de wolf, Jambers, Zembla, Weg van de Snelweg* and *AVRO Close-up.* | 1 | 2<br>to 2.2. |
| **1.2.3.** | **Is it a talk show?**<br>Examples are: *Rondom 10, The Oprah Winfrey Show, Het Lagerhuis, Dr. Phil, Ricky Lake* and *Knevel op Zaterdag.* | 1 | 2<br>to 2.1. |
| **1.2.4** | **Is it another type of non-fiction product?**<br>Examples are: *Biik op de Weg, Prickly Heat, Lotto Weekend Miljonairs Life & Cooking* and *Jackass.* | 1 | 2<br>to 2.2 |

## 2. Violence

| 2.1. *Talk shows* | | |
|---|---|---|
| | no | yes |
| **2.1.1. Are there threats of physical violence or is physical violence used?**<br><br>An example of a talk show in which this has occurred is *Jerry Springer*<br>Examples of talk shows in which this has not occurred are *Het Lagerhuis, Oprah Winfrey* and *Rondom 10.* | 1<br>to<br>2.1.4. | 2 |
| **2.1.2. Is there an audience that provokes physical violence or approves of its use?**<br><br>Examples of programmes with provocative audiences:<br>*Ricky Lake* and *Jerry Springer.*<br>Examples of programmes with a non-provocative audience:<br>*Knevel op Zaterdag* and *Oprah Winfrey.* | 1 | 2 |
| **2.1.3. Does the presenter immediately and explicitly disapprove of physical violence or the threat of physical violence?**<br><br>N.B.: This question may only be answered with 'yes' when explicit disapproval occurs in all cases. | 1 | 2 |
| **2.1.4. Are participants mocked by others?** (Unexpectedly embarrassed, made to feel ashamed by the presenter, audience or other participants).<br><br>An example of a programme in which participants are mocked is *Jerry Springer.*<br>Examples of talk shows in which participants are not mocked are:<br>*Rondom 10, Het Lagerhuis* and *Oprah Winfrey.* | 1<br>to<br>2.1.7 | 2 |
| **2.1.5. Is there a provocative audience that approves of mockery?**<br><br>Examples of programmes with a provocative audience are:<br>*Ricky Lake* and *Jenny Jones.*<br>Examples of programmes with a non-provocative audience:<br>*Dr. Phill* and *Oprah Winfrey* | 1 | 2 |
| **2.1.6. Does the presenter immediately and explicitly disapprove of mockery?**<br><br>N.B.: this question may only be answered with 'yes' if explicit disapproval occurs in *all* cases. | | |
| **2.1.7 Are film clips used that have been made prior to the talk show?** | 1<br>to 4.1.1 | 2 |

| 2.2. | *Types of physical violence: frequency* | | |
|---|---|---|---|
| | **How often do the following types of physical violence occur?**<br>The term physical violence includes all types of violence that are used knowingly and willingly by living beings against other living beings.<br>The term living beings includes people, anthropoids and animals or monsters with human characteristics such as the ability to speak and comprehend. | **never** | **1 time or more often** |
| 2.2.1. | **Physical hand-to-hand violence**<br>Examples are: hitting, kicking, stamping, wrestling and strangulation. | 1 | 2 |
| 2.2.2. | **Violence with fire, beating or stabbing weapons**<br>Examples are: pistols, laser weapons, clubs, swords and knives. | 1 | 2 |
| 2.2.3. | **Violence during war**<br>Examples are: tanks, bazookas, flame-throwers and cannons. | 1 | 2 |
| 2.2.4. | **Physical torture (= the intentional infliction of physical pain)**<br>Examples are: twisting arms, extinguishing cigarettes on the skin and the administration of electric shocks.<br><br>N.B.: Administering shocks as a form of violence also occurs in SF series! | 1 | 2 |
| 2.2.5. | **Violence against criminals (= violence of the good against the bad)**<br>Examples are: violence against terrorists, murderers, thieves and/or hijackers (for example as in the film *Air Force 1)*. | 1 | 2 |

| 2.3. | ***Feasibility of the physical violence*** | | |
|---|---|---|---|
| | | **never** | **1 time or more often** |
| 2.3.1. | **Do violent acts occur that people may, in principle, actually be able to carry out?**<br><br>N.B.: Some productions may contain both feasible and unfeasible acts of violence. In these cases, pay attention to the feasible acts of violence when answering this question.<br><br>Examples of <u>feasible</u> acts of violence are:<br>the karate fights in *Power Rangers* or *The Karate Kid,* the fist fights in *Hercules* and *Xena,* fire fights with pistols or an attack using a tank.<br><br>Examples of acts of violence that are <u>unfeasible</u> are:<br>the laser fights in *Star Wars* and people being blown away by *Superman.* | 1 | 2 |

| 2.4. | ***Intrusive physical violence*** | | |
|---|---|---|---|
| | Violent acts may be more or less intrusive in productions.<br>In the case of intrusive acts of violence, the viewer is given the impression that the violence is in earnest and that this is the intention of the aggressor.<br><br>N.B.: Some productions contain both intrusive and non-intrusive acts of violence.<br>In these cases, note the intrusive acts of violence when answering this question.<br>Intrusiveness also applies to fantasy series and SF series.<br><br>Examples of <u>non-intrusive</u> violence are:<br>the sword fights in *Hook*<br>the space combat in *Star Trek*<br>the civil war in *Abeltje*<br><br>Examples of <u>intrusive</u> violence are:<br>the man-to-man-fights in *Charlie's Angels* and *The Matrix*<br>the sword fights in *The Last Samurai*<br>the shooting in *Nikita* and *Miami Vice*<br>the box scenes in *Rocky* | | |
| | | **never** | **1 time or more often** |
| **2.4.1.** | **Are there acts of violence that are intrusive due to the hardness of the violence?**<br>For example, this can be achieved by:<br>accompanying the violent scenes with exciting music | 1 | 2 |
| **2.4.2.** | **Are there acts of violence that are intrusive due to the fact that the victim is noticeably hurt?**<br>For example, this can be achieved by:<br>accentuating the victim's pain with sound or images | 1 | 2 |
| **2.4.3.** | **Are there acts of violence that are intrusive due to the fact that the impact of the acts is displayed in detail?**<br>For example, this may be achieved by:<br>slow motion<br>close-ups of acts during fights<br>the addition of sound effects to fight scenes | 1 | 2 |

| 2.5. | *Injuries* | | |
|---|---|---|---|
| | | **never** | **1 time or more often** |
| **2.5.1.** | **Are there images of injuries caused by visible acts of violence?**<br><br>Very light injuries that may only require a plaster are not applicable. | 1<br>to 2.6. | 2 |
| **2.5.2.** | **Are there images of serious injuries caused by visible acts of violence?**<br>Attention: the issue here is the severity of the injuries, not the severity of the actions<br><br>N.B.: Some productions contain images of both severe and less severe injuries. In these cases, only pay attention to the severe injuries.<br><br>Examples of injuries that can be scored as 'severe' are: gushing blood, cut throats, chopped or torn off limbs and people who have been badly beaten up.<br>Examples of productions which include such injuries:<br>*The Passion of the Christ, Pulp Fiction* and *Saving Private Ryan.*<br><br>*Examples of injuries that can be scored as 'not serious' are:*<br>A small bullet hole in a body with a little blood, a broken nose or lip or a black eye.<br>Examples of productions which include such injuries:<br>*The World Is Not Enough* and *Beverly Hills Cop 1.* | 1 | 2 |

| 2.6. | **Non-consensual sexual acts** | | |
|---|---|---|---|
| **2.6.1.** | **Does the production contain scenes of non-consensual sexual acts?** | No | Yes |
| | Non-consensual means that rough treatment or threats are used.<br>Non-consensual sex includes everything ranging from continuing when the other person says no, sex without permission, sex with a person who has been drugged, to sexual assault and rape.<br>Non-consensual sex does <u>not</u> mean sex following the use of gentle persuasion.<br><br>Examples of productions which contain scenes of non-consensual sexual acts:<br>*Dogville, Costa!* and *Amercan History X.* | 1<br>to 2.7. | 2 |
| **2.6.2.** | **Is the forcing of the sexual acts accompanied by actual physical violence or the imminent threat of violence?**<br><br>Actual physical violence or the imminent threat of violence include beating in order to cause pain, strangulation, or placing a knife at the victim's throat.<br><br>Examples of productions which contain scenes of non-consensual sexual acts accompanied by physical violence: *Irréversible*, *Baise Moi* and *American History X.* | 1 | 2 |

| 2.7. | ***Slapstick context*** | | |
|---|---|---|---|
| | | **No** | **Yes** |
| 2.7.1. | **Does all the violence take place in a slapstick context?**<br><br>Examples of productions in which all the violence takes place in a slapstick context: *Laurel & Hardy, Buster Keaton, Home Alone, Naked Gun* and *Flodder.*<br><br>Example of productions in which the violence does not take place in a slapstick context: *Pulp Fiction.* | 1 | 2 |

## 3. FEAR

| 3.1. | *Frightening situations* | | |
|---|---|---|---|
| | **How often do the following situations occur?** | **never** | **1 time or more often** |
| **3.1.1.** | **Fantasy creatures displaying threatening behaviour or with a threatening appearance?**<br><br>Examples of fantasy creatures are: monsters, witches, ghosts and dragons.<br>Examples of productions in which this type of fantasy creatures occurs: *Shrek* and *Harry Potter and the Chamber of Secrets.* | 1 | 2 |
| **3.1.2.** | **Animals displaying threatening behaviour or that have a threatening appearance?**<br>Examples: lions, dogs, tigers or sharks.<br>Examples of productions in which such animals occur: *Finding Nemo, Jaws* and *Jumanji.* | 1 | 2 |
| **3.1.3.** | **Transformations resulting in creatures with a threatening appearance?**<br><br>Examples of productions in which this type of transformation occurs: *The Hulk, Power Rangers, The Gremlins* and *Aladdin (when the genie is released from the bottle).* | 1 | 2 |
| **3.1.4.** | **Physical violence against animals?**<br><br>Such as hitting, kicking, trampling and mauling by other animals<br>Examples of productions in which physical violence against animals occurs: *Spirit, Watership Down* and *Gorilla's in the Mist.* | 1 | 2 |
| **3.1.5.** | **Physical violence against children? (except children's fights and rough-and-tumble)**<br><br>Examples are hitting, kicking, pulling on arms and ears and confinement in small or dark rooms, biting dogs.<br>Examples of productions in which physical violence against children occurs: *Mathilda, Kruimeltje* and *Ransom.* | 1 | 2 |
| **3.1.6.** | **Accidents, disasters or wars in which people or animals are visibly the victims?**<br><br>Examples are: a wall falling on someone, a person being hit by a moving vehicle, someone on fire, pain, diseases or life treatening situations.<br>Examples of productions in which such situations occur: *The Horse Whisperer, Earthquake* and *Daylight.* | 1 | 2 |
| **3.1.7.** | **Violent acts are committed by living beings (people, animals, monsters) whereby people or animals are visibly the victims?**<br>Examples of productions in which such violent acts occur: *Jurassic Park* and *Jesus Christ Superstar.* | 1 | 2 |
| **3.1.8.** | **Images of suicide (or attempted suicide) or of someone who has** | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | **committed suicide?**<br>Examples of productions in which such images occur: *Jude, 21 Grams* and *No Way Out.* | 1 | 2 |

| 3.2. | *Images of frightened people* | | |
|---|---|---|---|
| | | **never** | **1 time or more often** |
| **3.2.1.** | **Are there images of extremely frightened people as a result of accidents, disasters or threats that these may occur?**<br><br>The term extremely frightened includes: people who are very obviously in a state of fear, with physical characteristics such as blind panic, sweating, shaking, shock, speechlessness, screaming and crying.<br><br>Examples of this type of production are: *Titanic, Towering Inferno, The Perfect Storm, Twister, Earth Quake, Baywatch, Saving Private Ryan, Holocaust* and *Tour of Duty.* | 1 | 2 |
| **3.2.2.** | **Are there images of people that are extremely frightened due to violent acts committed by other living beings (people, animals, monsters) or threats that this may occur?**<br><br>The term extremely frightened covers: people that are very obviously frightened, with physical characteristics such as speechlessness, blind panic, sweating, shaking, shock, yelling, screaming and crying.<br><br>Examples of this type of production are: *Indiana Jones, A Perfect Murder, The Firm, Marathon Man, The Net, Panic Room* and *The Client.* | 1<br><br>if 3.2.1. and 3.2.2. no then to 3.3. | 2 |
| **3.2.3.** | **Are the extremely frightened people <u>always</u> (in all cases) saved immediately?**<br><br>Examples are *Baywatch* and *LA Doctors*, in which frightening situations are almost always solved immediately.<br><br>The answer to this question is no if the positive outcome or solution only takes place at the end of the production or in the following episode. | **no**<br><br>1 | **yes**<br><br>2 |

| 3.3. | *Other frightening elements* | | |
|---|---|---|---|
| | | **never** | **1 time or more often** |
| **3.3.1.** | **Are there frightening sounds or musical effects in the production?** | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Examples: shrieking sound during the murder in *Psycho,* snorkeling sound in *Amsterdamned* and heavy breathing in *Halloween.* | 1 | 2 |
| 3.3.2. | **Does the production include scenes of dead human bodies?** | 1 to 3.3.4. | 2 |
| 3.3.3. | **Does the production include scenes of severely mutilated or decomposing human bodies?**<br><br>This includes: mass graves, charred or burnt corpses, bodies with limbs Severed by tearing or cutting, bodies with gaping wounds, bodies swollen by water or in a state of decomposition.<br><br>Examples of productions which include scenes of severely mutilated or decomposing human bodies are: *Holocaust, De Koude Oorlog, CSI, Saving Private Ryan* and *Se7en.* | 1 | 2 |
| 3.3.4. | **Do injuries occur in the production?**<br><br>Extremely minor injuries that only require a plaster are not scored. | 1 to 3.3.6. | 2 |
| 3.3.5. | **Do serious injuries occur in the production?**<br>These serious injuries must be suffered by people.<br><br>Examples of injuries that are scored as <u>'serious'</u> are: gushing blood, cut throats, torn or chopped off limbs and people who have been badly beaten up.<br><br>Examples of productions with serious injuries are: *Taxi Driver, Silence of the Lambs, Texas Chainsaw Massacre, Jurassic Park* and *Basic Instinct.*<br><br>Examples of injuries that are scored as <u>'not serious'</u> are: A small bullet hole in a body and a small quantity of blood, a broken nose or lip and a black eye. | 1 | 2 |
| 3.3.6. | **Are there scenes of extreme horror as a consequence of supernatural forces or (alien) monsters?**<br><br>The term <u>extreme horror</u> includes: the demonic possession in *Exorcist,* the possessed doll in *Child's Play,* the mysterious disappearances in *The Blair Witch Project* and the dying in *Final Destination 2.*<br><br><u>Non-extreme horror effects</u> include: The gust of wind when a book opens in The Mummy, the opening of the ark in *Indiana Jones and the Raiders of the Lost Arc* and the snake in *Harry Potter and the Chamber of Secrets.* | 1 | 2 |
| 3.3.7. | **Are there extreme horror effects caused by the actions of recognisable living beings such as people, animals or insects?**<br><br>Here, the term <u>extreme horror effects</u> includes: the bird attacks in The Birds, the man with the axe in *The Shining*, the shower scene in *Psycho,* | 1 | 2 |

| | | |
|---|---|---|
| and the presence of the murderer in the darkness in *Silence of the Lambs*.<br><br>Non-extreme horror effects include: the panic in *Jumanji* and the scenes in *Scooby Doo* and *The Addams Family*. | | |

| 3.4. | ***Everyday environment*** | | |
|---|---|---|---|
| | | **nooit** | **1 keer of vaker** |
| 3.4.1. | **Do the frightening situations occur in children's normal/everyday environments?**<br><br>Some productions contain frightening situations in both unusual and adventurous environments and everyday environments.<br>In these cases, take note of the frightening situations that are situated in an everyday environment when answering this question.<br><br>Examples of everyday environments are: a village or city, a house, a school a (sports) club, a beach, a forest, a playground, a holiday park or a hospital.<br><br>Examples of productions that are set in an everyday environment are: *Psycho, Silence of the Lambs, The Shining, Jaws, The Blair Witch Project, Amsterdamned* and *Audition.*<br><br>Examples of unusual, adventurous environments are: a space ship or pirate ship.<br>Please note: productions that clearly have a historical setting can be scored as an unusual, adventurous environment. Examples are costume dramas and films about knights.<br>Examples of productions that are staged in unusual and adventurous environments in films:<br>The temples in the *Indiana Jones* films, the pyramid in *The Mummy and the game world* in *Jumanji.*<br><br>Examples of films with an unusual and adventurous environment as a result of the historical setting: *Ben Hur* and *Amadeus.* | 1 | 2 |

| 4.1. | *Sexual acts* | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | none | Once or more | |
| 4.1.1. | **Does the production contain sexually oriented language?**<br><br>Sexually oriented language includes:<br>Sexual references, coarse sexual jokes and all verbal utterances<br>Which are calculated to cause arousal in the actor himself, another person in the production, or the viewer.<br>Examples of productions containing frequent instances of this kind of language are: *American Pie, The Sweetest Thing* and *Not Another Teen Movie.* | 1 | 2 | |
| | | never | once or a few times | often |
| 4.1.2. | **How often are sexual acts visible?**<br><br>Sexual acts includes: all acts calculated to cause arousal in the actor himself, another person in the production, or the viewer. This can also be a suggestive sexual act.<br><u>"Often"</u> means that the portrayal of sexual acts occupies a relatively large proportion of the entire production.<br><br>Examples of sexual acts include: striptease acts and the stroking and touching of parts of the body such as the buttocks, groin and breasts in a manner calculated to cause arousal. | 1<br>to 5 | 2 | 3 |
| | **Only if 4.1.1.: Once or more and 4.1.2.: Once or a few times** | **no** | **yes** | |
| 4.1.3. | **Does the totality of sexually oriented language and sexual acts occupy a large proportion of the production?**<br><br>Often means a relatively large proportion of the entire production. | 1 | 2 | |
| | | never | once or a few times | often |
| 4.1.4. | **Are the sexual acts portrayed in a manner calculated to make the greatest possible impact?**<br><br>E.g. by extended shots of erogenous zones, moving the camera along the body with particular attention to breasts or buttocks, slow motion or close-ups.<br>Impact can also be heightened by sound effects or music.<br><br>Examples of sexual acts portrayed in a manner calculated to make the greatest possible impact are: the lovemaking scenes in *Basic Instinct* and the sex in reports on the sex industry as in *Van Lichte Zeden* and *Rough Guide to Sex Europe.*<br><br>Examples of sexual acts not portrayed in a manner calculated to make the | 1 | 2 | 3 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| greatest possible impact are: the lovemaking scenes in *Pretty Woman.* | | | |

| | never | 1 time or more often |
|---|---|---|
| **4.1.5. Are details of genitals visible during the sexual acts?**<br><br>Vagina or penis or parts thereof, not breasts and buttocks. | 1 | 2 |

## 5. DISCRIMINATION

| - | never | 1 time or more often |
|---|---|---|
| **5.1.1. Does the production contain racist expressions or behaviour?**<br><br>The term discrimination includes any expression that implies the inferiority of any group on the basis of race, religion, colour, nationality or ethnic background.<br><br>Discrimination may be: an 'us and them' thought process, jokes about foreigners, women and ethnic groups.<br>Examples of productions with discrimination: *Schindler's List, All in the Family, The Deer Hunter, As Good as it Gets, American History X* and *The Color Purple.* | 1<br>to 6. | 2 |
| | **no** | **yes** |
| **5.1.2. Are the expressions of discrimination or discriminating behaviour neutralised by explicitly rejecting discrimination?**<br><br>Explicit rejection means that it is clearly stated during the production that<br>discrimination is unacceptable and wrong.<br><br>An example of a production that explicitly rejects discrimination is *12 Angry Men.* | 1 | 2<br><br>to 6 |
| **5.1.3. Are all expressions of discrimination and racist behaviour made by a ridiculous anti-hero in a comedy?**<br><br>Examples of ridiculous anti-heroes in comedies are Al Bundy in *Married with Children,* Melvin Udall in *As good as it Gets* and Basil Fawlty in *Fawlty Towers.* | 1 | 2 |

## 6. HARD DRUGS, EXCESSIVE USE OF SOFT DRUGS AND ALCOHOL

| - | never | 1 time or more often |
|---|---|---|
| **6.1.1. Is there use of (a) hard drugs or (b) excessive use of soft drugs or (c) alcohol in the production?**<br><br>Excessive use of alcohol means vulgar behaviour while under the influence of alcohol.<br>An example of excessive use of alcohol is: the drinking young people in *'Door 't lint'.*<br>Excessive use of alcohol does <u>not</u> include: the drinking pirates in *'Pippi Langkous'.* | 1<br>to 7. | 2 |
| | **nee** | **ja** |
| **6.1.2. Is the use of hard drugs, excessive use of soft drugs or alcohol presented in a favourable light?**<br><br>By presented in a favourable light, we mean situations that clearly express the view that the use of hard drugs or the excessive use of soft drugs/alcohol is something good and that only has positive effects. | 1 | 2<br>to 7. |
| **6.1.3. Are there explicit warnings against the use of hard drugs and excessive use of soft drugs and alcohol?**<br><br>By explicit warnings, we mean that there is a clear statement in the production that the use of hard drugs or the excessive use of soft drugs and alcohol is not good. | 1 | 2 |

## 7. BAD LANGUAGE

| | never | 1 time or more often |
|---|---|---|
| **7.1. Is bad language (swearing, obscenities) used?**<br><br>If there are subtitles, the issue is the Dutch interpretation. Well known English obscenities such as 'fuck' and 'bitch' are scored. | 1 | 2 |

EFSTALEITI 1, 150 REYKJAVÍK, KT. 540269-5729
SÍMI 515 3000 BRÉFASÍMI 515 3010
RÍKISÚTVARPIÐ
ÚTVARPSSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1977
komudagur 2. 5. 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. maí 2006.

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um eftirlit með aðgengi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum. 132 löggjafarþing 2005 – 2006 695. mál, heildarlög.

Ríkisútvarpið gerir ekki athugasemd við frumvarp til laga um eftirlit með aðgengi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum.

Ríkisútvarpið mun hér eftir sem hingað til leggja metnað sinn í að gæta hagsmuna barna og unglinga með því m.a. að merkja og/eða vara við dagskrárefni sem getur á einn eða annan hátt haft neikvæð áhrif á þau og jafnframt að þetta efni sé sýnt síðla kvölds.

Virðingarfyllst,

Páll Magnússon

Páll Magnússon,
útvarpsstjóri.

Alþingi
Erindi nr. Þ/132/1987
komudagur 2.5.2006

SMÁÍS

SMÁÍS - Samtök Myndrétthafa á Íslandi
Laugavegi 182
105 Reykjavik • Iceland
+354 588 3800
smais@smais.is / www.smais.is

Menntamálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavik

2. maí 2006

EFNI: UMSÖGN VEGNA FRUMVARPS TIL LAGA UM EFTIRLIT MEÐ AÐGANGI BARNA AÐ KVIKMYNDUM OG TÖLVULEIKJUM (695. mál - 132. löggjafarþing)

SMÁÍS hefur fengið til umsagnar frumvarp um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum. SMÁÍS hefur til margra ára barist fyrir því að skoðun kvikmynda fari úr höndum ríkisins og að ábyrgðin sé sett í hendur ábyrgðaraðila sem gefa út, dreifa og/eða selja efnið. Áhersla hefur verið lögð á að aðild hins opinbera eigi eingöngu að felast í að hafa eftirlit með að lögum sé framfylgt.

Við höfum farið yfir frumvarpið og höfum engar einstakar athugasemdir fram að færa við það enda samræmist það hugmyndum samtakanna um ábyrgð markaðarins. Einstakir félagsmenn samtakanna hafir sumir hverjir fengið sama frumvarp til umsagnar og munu þeir svara því sérstaklega.

SMÁÍS (Samtök Myndrétthafa á Íslandi) voru stofnuð 1992 til að vera hagsmunagæsluaðili rétthafa myndefnis á Íslandi og hafa ýmis hagsmunarmál rétthafa á sínum snærum. Félagsmenn samtakanna hafa rétt til dreifingar á yfirgnæfandi hluta kvikmynda- og sjónvarpsefnis og tölvuleikja sem eru á íslenskum markaði. Félagsmenn eru kvikmyndahús, helstu útgefendur kvikmynda- og sjónvarpsefnis, sjónvarpsstöðvar og helstu dreifingaraðilar tölvuleikja.

Virðingarfyllst,

Hallgrímur Kristinsson
framkvæmdastjóri

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ/132/1979*
*komudagur 2.5.2006*

Samtök verslunar og þjónustu
Federation of Trade & Services

Samtök verslunar og þjónustu
Federation of Trade & Services

**Nefndasvið Alþingis**
**Menntamálanefnd**
**Austurstræti 8-10**
**150 REYKJAVÍK**

2. maí 2006

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, 695.mál, heildarlög, 132.þing**

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu hafa með bréfi dagsettu 25. apríl sl. fengið tilvitnað frumvarp til umsagnar.

Frumvarpið felur í sér skyldu varðandi merkingu og flokkun kvikmynda og tölvuleikja og greinilega merkingu á umbúðum þeirra í samræmi við auglýstar reglur sem styðjast við alþjoðlega viðurkennd skoðunarkerfi fyrir tölvuleiki og kvikmyndir. Eftirlit verði í höndum Barnaverndarstofu og Kvikmyndaskoðun verður aflögð.

Samtökin gera ekki athugasemdir við frumvarpið og eru sammála markmiði þess. Frumvarpið felur að mati samtakanna ekki í sér kostnað eða óhagræði fyrir aðildarfyrirtæki SVÞ og væntir þess að boðuð reglugerð sbr. 6.gr. miðist við að framkvæmd laganna verði sem einföldust og kostnaðarminnst.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri

Borgartúni 35 | Tel: +354 511 3000 | svth@svth.is
IS-105 Reykjavík, Iceland | Fax: +354 511 3001 | www.svth.is

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 132/2176*
*komudagur 29.5.2006*

Alþingi
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. maí 2006

*Efni: Umsögn vegna frv. til laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, 695. mál, heildarlög.*

Vísað er til bréfs nefndarritara menntamálanefndar, dags. 25.04.2006 vegna beiðni til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um að veita umsögn um frumvarps til ofangreindra laga.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar styður setningu laga sem miða að því að tryggja börnum og ungmennum vernd gagnvart ofbeldiskvikmyndum og – tölvuleikjum sem og kvikmyndum eða töluvleikjum sem ógna velferð barna og ungmenna eins og þessi hugtök eru skilgreind í 1. gr. frumvarpsins.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur ósamræmi felast á milli ákvæða 3. og 4. gr. gr. frumvarpsins. Í 3. gr. frumvarpsins kemur fram að bannað sé að sýna börnum undir lögræðisaldri ofbeldiskvikmyndir og ofbeldistölvuleiki sem og kvikmyndir eða tölvuleiki sem ógna velferð þeirra og að bönnuð sé sýning, sala og önnur dreifing á slíku efni barna sem hafa ekki náð lögræðisaldri. Í 4. gr. i.f. segir hins vegar að *allar* kvikmyndir megi hafa til sýnis opinberlega fyrir börn sem náð hafa 14 ára aldri, enda horfi þau á myndina í fylgd foreldris eða forsjáraðila. Það er mat Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar að sé mynd ofbeldisfull geti hún haft veruleg og varanleg áhrif á börn hvort sem horft er á hana með foreldri eða forsjáraðila eður ei. Foreldrar og forráðamenn eiga misauðvelt með að meta hvað sé í lagi að bjóða börnum sínum upp á og hvað ekki og með því að taka fram að mynd sé bönnuð börnum innan t.d. 16 ára aldurs og með því að ákveða að viðkomandi aldursmörk gildi undantekningalaust er verið að styðja foreldra í uppeldishlutverkinu.

Það er einnig mat Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í frumvarpið vanti ákvæði um bann við að auglýsa megi bannaðar ofbeldismyndir og ofbeldistölvuleiki með því að sýna úr þeim (s.k. trailer) á barnasýningum kvikmyndahúsa og á öðrum opinberum birtingastöðum fyrir börn.

Að lokum telur Velferðarsvið Reykjavíkurborgar að setja ætti sérstaka reglugerð um tölvuleikjasali og um eftirlit með þeim, hvaða aldursmörk varðandi aðgang að slíkum stöðum o.fl.

F.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

Guðmundur St. Ragnarsson, lögfr.

Afrit sent:
Stjórnsýslu- og starfsmannasvið Reykjavíkurborgar.

Tryggvagata 17
101 Reykjavík
Sími: 411 9000
Bréfsími: 411 9049
www.velferdarsvid.is